

- d. 96.02 falli brott.
 e. 96.03 falli brott.
 f. 96.04 falli brott.
 65. Á 98. kafla:
 98.13 falli brott.

2. gr.

Á 3. gr. er gerð eftirfarandi breyting:

Í stað orðanna „allt að 5000 kr. tollverðmæti“ í 9. tl. komi: allt að 10 000 kr. verðmæti.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík 18. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G**um jöfnunargjald.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við innflutning vöru, sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamnings Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu (EBE), skal greiða 3% jöfnunargjald í ríkissjóð og gildir það jafnframt um innflutning frá öðrum löndum.

2. gr.

Jöfnunargjald skv. 1. gr. skal greiða af tollverði innfluttrar vöru og skal innheimt á sama hátt og aðflutningsgjöld og njóta sömu lögverndar og þau gjöld. Að þessu og öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og ákvæði laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, eftir því sem við á.

3. gr.

Tekjum af jöfnunargjaldi skal ráðstafa í fjárlögum ár hvert að hluta til eflingar iðnþróunar.

Tekjum af gjaldi þessu er til falla árið 1978 skal ráðstafa samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða vörur skulu gjaldskyldar skv. 1. gr. svo og um framkvæmd laga þessara að öðru leyti.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1980.

Gjört í Reykjavík 18. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

Nr. 84.

29. maí 1978.

AUGLÝSING

um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1977—1980.

Alþingi hefur hinn 25. apríl 1978 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um breyting á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1977—1980.

Alþingi ályktar, að árið 1978 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi vegáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í m. kr.)

1.1. Fastir liðir:

1. Bensíngjald	4 460
2. Þungaskattur	1 250
3. Gúmmíngjald	90

Markaðir tekjustofnar	5 800
4. Ríkisframlag	1 300

1.2. Sérstök fjáröflun:

1. NA-vegur lántaka	800
2. Almenn lántaka	1 400

Samtals 9 300

Heimild til töku vinnulána eða annarra
bráðabirgðalána til nýrra þjóðvega 400